

## REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1260/2008 (að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) nr. 23).**

### 1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB), sem vísað er til í lið 10ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2009, frá 29. maí 2009, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1260/2008 frá 10. desember 2008 um innleiðingu tiltekinka alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) nr. 23.

### 2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 1260/2008 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 39/2010, 15. júlí 2010, bls. 702.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2009 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 47/2009, 3. september 2009, bls. 41.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem skylt er eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðureikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla, öðlast þegar gildi.

*Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, 16. júlí 2010.*

F. h. r.

**Jónína S. Lárusdóttir.**

*Póra M. Hjaltested.*

---

B-deild – Útgáfud.: 19. júlí 2010